

210. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 6. desember 2022, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Valdís Einarsdóttir, og Magnús A. Sigurðsson

Forföll: Sigurður Halldór Árnason forfallaðist og ekki náðist í varamann vegna skamms fyrirvara.

Fundarritari: Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 10.30

1. Fundargerð 209. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 209. fundar nefndarinnar frá 22. nóvember 2022.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Umsögn vegna skipulagslýsingar í Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd hefur borist beiðni um umsögn vegna skipulagslýsingar fyrir hafnarsvæðið við Skípavík í Stykkishólmi.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi drög að umsögn sem starfsmaður Breiðafjarðarnefnd vann fyrir fundinn. Jakob mun gera nokkrar breytingar eftir ábendingum Breiðafjarðarnefndar og gengur svo frá umsögninni. Frestur til að skila umsögn er 9. desember. Umsögnin verður svo sett á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

3. Umsögn vegna þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju

Breiðafjarðarnefnd hefur borist beiðni um umsögn vegna þingsályktunar um kaup á nýrri ferju fyrir Breiðafjörð.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi drög sem starfsmaður Breiðafjarðarnefnd vann fyrir fundinn. Jakob mun gera nokkrar breytingar eftir ábendingum Breiðafjarðarnefndar og gengur svo frá umsögninni. Frestur til að skila umsögn er 8. desember. Umsögnin verður svo sett á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

4. Umsögn vegna skipulagslýsingar í Grundarfirði

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar og tveggja deiliskipulagstillagna á Framnesi.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi skipulagslýsinguna á fundinum. Jakob mun skrifa drög að umsögn og sendir þau á nefndarfólk til yfirlstrar og staðfestingar. Jakob mun svo vinna úr ábendingum nefndarinnar og sendir umsögnina fyrir skilafrest 21. desember. Umsögnin verður í kjölfarið sett á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur verður 17. janúar, kl. 10.30 á Teams.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.